

Mánudagurinn 21. febrúar 2000 kl. 10:00

137. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 9/2000

**Fjárhagslegur aðskilnaður þjónustusviðs Rannsóknastofnunar
fiskiðnaðarins frá öðrum sviðum stofnunarinnar**

I.

Erindið og málavextir

1.

Í erindi, dags. 5. febrúar 1999, óskaði Kristinn Bjarnason hrl. m.a. eftir því fyrir hönd Rannsóknþjónustunnar Sýnis að Samkeppnisstofnun kannaði hvernig fjárhagslegur aðskilnaður þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (hér eftir Rf.) frá öðrum sviðum stofnunarinnar hafi verið framkvæmdur, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/1997, *Kvörtun yfir samkeppnisstöðu Rannsóknþjónustunnar Sýnis hf. gagnvart Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*

Í erindinu segir að á markaðnum, sem er sala á örveru- og efnamælingum til fyrirtækja í matvælaíðnaði, starfi fyrst og fremst þrjú aðilar. Sýni, sem er fyrirtæki í eigu einkaaðila, Hollustuvernd ríkisins og Rf., sem eru stofnanir í eigu íslenska ríkisins og þiggi framlög af fjárlögum vegna starfsemi sinnar. Vegna þessara aðstæðna á markaðnum telur Sýni nauðsynlegt, til þess að samkeppnisstaða fyrirtækisins sé tryggð, að samkeppnisyfírvöld fylgist með því hvort hinn fjárhagslegi aðskilnaður sé framkvæmdur með þeim hætti sem ákvörðun samkeppnisráðs segir til um. Þess er farið á leit að kannað verði hvort gjaldskrá þjónustusviðs Rf. sé í samræmi við ákvörðunarorð 5. tl. ákvörðunar samkeppnisráðs, en þar segir: „*Gjaldskrá skal standa undir rekstrarkostnaði þjónustusviðs auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða.*“

Ennfremur segir að sé gjaldskráin ekki í samræmi við þau skilyrði sem sett voru telji Sýni það brjóta í bága við góða viðskiptahætti samkvæmt 20. gr. samkeppnislaga og krefst þess að samkeppnisráð grípi til aðgerða.

2.

Erindið var sent Rf. til athugasemda með bréfi, dags. 19. febrúar 1999. Vegna fjarvista starfsmanna, var Rf. ítrekað veittur frestur til þess að svara bréfi Samkeppnisstofnunar. Með bréfi, dags. 11. ágúst, ítrekaði Sýni erindi sitt. Með bréfi, dags. 3. september, bárust reikningar þjónustusviðs Rf.; stofnefnahagsreikningur, rekstrarreikningur og efnahagsreikningur fyrir árið 1998, ásamt skýringum. Með bréfi, dags. 17. september, tilkynnti Samkeppnisstofnun Rf., að stofnunin teldi ekki unnt að meta, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, hvort framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar þjónustusviðs Rf. og annarra sviða stofnunarinnar væri í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/1997. Stofnunin óskaði eftir mati löggilts enduskoðanda á framkvæmd hins fjárhagslega aðskilnaðar.

Í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 13. október, segir Rf. að Ríkisendurskoðun hafi metið framkvæmd fjárhagslega aðskilnaðarins. Meðfylgjandi voru reikningar þjónustusviðs Rf. fyrir árið 1998 ásamt bréfi undirrituðu af ríkisendurskoðanda. Þar segir:

„Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur farið þess á leit, með vísan til bréfs Samkeppnisstofnunar frá 17. september sl., að Ríkisendurskoðun láti í ljós mat sitt á því hvort framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá öðrum sviðum stofnunarinnar sé í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/1997.

Til svars erindinu skal tekið fram að það er álit Ríkisendurskoðunar að þau skilyrði, sem mælt var fyrir um í ákvörðunarorðum tilvitnaðrar ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 13/1997, hafi verið uppfyllt. Þjónustusvið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hefur því að mati Ríkisendurskoðunar samkvæmt framansögðu verið aðskilið fjárhagslega frá öðrum sviðum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.“

Ennfremur segir að samkvæmt reikningsuppgjörinu hafi verið nokkurt tap á árinu og hafi verið brugðist við því með hækkun gjaldskrár um síðustu áramót (1998/1999). Meðalhækkun gjaldskrár í mælingaþjónustu hafi verið 13%. Stöðugt sé unnið að innri hagræðingu sem skili sér í bættum rekstri til lengri tíma. Stjórnskipulag Rf. byggir á verkefnagrunni þannig að hvert verkefni sé grunneining í rekstrinum. Stofnuninni sé skipt í fjögur svið, sem séu hópar af verkefnum en ekki deildir í hefðbundnum skilningi. Þetta stjórnskipulag hafi verið í þróun frá byrjun áratugarins en hafi endanlega verið fest í sessi við

skipulagsbreytingu á stofnuninni á miðju ári 1996. Frá þeim tíma hafi þjónustusviðið verið sjálfstæð rekstrareining.

3.

Þann 19. október sl., var kvartanda sent afrit af bréfi Rf. frá 13. október, ásamt ársreikningunum. Þar segir að Samkeppnisstofnun fái ekki annað séð en að fjárhagslegur aðskilnaður þjónustusviðs Rf. sé í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/1997. Með bréfi, dags. 10. nóvember, voru kvartanda sendar skýringar, sem fylgdu með ársreikningunum. Kvartanda var gefið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum. Með bréfi, dags. 19. nóvember gerir hann eftirfarandi athugasemdir:

„A. Athugasemdir vegna stofnefnahagsreiknings.

Fyrir liggur í málinu stofnefnahagsreikningur miðað við 1. janúar 1998 og efnahags- og rekstrarreikningur þjónustusviðs fyrir árið 1998 ásamt skýringum.

Engar skýringar virðast hafa verið með stofnefnahagsreikningnum og því örðugt að taka afstöðu til þess sem þar kemur fram.

Í eignalið reikningsins er verðmæti áhalda og tækja metið kr. 11.271.548,00. Samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs skyldu eignir þjónustusviðs metnar á markaðsverði ef unnt væri en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja kemur ekkert fram um það hvorri aðferðinni var beitt og þá hvaða áhöld og tæki er um að ræða. Vert er að vekja athygli á því að Rf. hafði ekki sjálfðæmi um það hvorri aðferðinni yrði beitt samkvæmt orðalagi í 2. tl. ákvörðunarorða úrskurðar nr. 13/1997.

Til þjónustusviðs Rf. heyra fimm rannsóknarstofur, í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Neskaupsstað, Akureyri og Ísafirði sem allar eru búnar tækjabúnaði til þjónustumælinga.

Að mati umbjóðanda míns er stofnkostnaður fyrir fimm rannsóknarstofur í þjónustumælingum að fjárhæð kr. 11.271.548,00 óeðlilega lítill miðað við þær forsendur sem gefnar voru í framangreindu ákvörðunarorði.

Benda má á að samkvæmt ársskýrslum Rf. fyrir árin 1995–1997 voru framlög til eigna- og tækjakaupa eftirfarandi:

<i>Árið 1995</i>	<i>kr. 41.476.000,00</i>
<i>Árið 1996</i>	<i>kr. 24.150.000,00</i>
<i>Árið 1997</i>	<i>kr. 20.435.000,00</i>
<i>Samtals</i>	<i>kr. 86.061.000,00</i>

Samkvæmt ársskýrslu RF fyrir árið 1997 jukust heildargjöld stofnunarinnar á því ári um 13,0% og er sú hækkun fyrst og fremst skýrð með fjárfestingu í innri málefnum stofnunarinnar.

Í skýrslunni segir: „Ber þar hæst endurnýjun og viðhald tölvubúnaðar, endurnýjun á bókhalds- og upplýsingakerfi og lokaáfangi faggildingar á mælingum stofnunarinnar.“

Þar sem engar skýringar eru með stofnefnahagsreikningi liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort stofnkostnaður vegna tölvu- og hugbúnaðar sem nýtist stofnuninni í heild hafi verið reiknaður inn í stofnefnahag og þá hvernig.

Samkvæmt ársskýrslu Rf. 1997 hlutu 11 mælingar á þjónustusviði stofnunarinnar í Reykjavík faggildinguna samkvæmt evrópskum staðli EN 45001 á árinu 1997.

Að baki slíkrar faggildingar liggur verulegur kostnaður.

Fram kom í erindi Hjörleifs Einarssonar forstjóra RF á morgunverðarfundum Sambands íslenskra prófunarstofa sem haldinn var þann 25. febrúar sl. að vinna við faggildinguna mælinga Rf. hafi hafist á árinu 1989.

Meðfylgjandi er afrit fundargerðar þessa fundar þar sem fram kemur yfirlit um umfjöllunarefni erindisins en það fjallaði um reynslu af faggildingunni. Kemur þar m.a. fram sundurliðun á helstu kostnaðarþáttum sem tengjast faggildingunni.

Svo sem rakið hefur verið var hækkun heildargjalda RF á árinu 1997 meðal annars rakin til kostnaðar við faggildinguna.

Ekki verður séð af stofnefnahagsreikningi hvort og þá hvernig kostnaður eða skuldbindingar vegna þessa hefur verið tekinn inn í stofnefnahag þjónustusviðsins.

Ljóst má vera að faggilding sú er RF fékk á árinu 1997 fól í sér veruleg verðmæti fyrir þjónustusvið stofnunarinnar og gaf þeim ákveðið forskot í samkeppni við umbjóðanda minn þar sem ætla má að gæði þjónustu og möguleikar á sölu hennar hafi aukist með tilkomu hennar.

*Má í því sambandi benda á dreifibréf RF til viðskiptavina þar sem faggildingin er kynnt. Vakin er athygli á niðurlagi bréfsins. „**Láttu hlutlausan og ábyrgan aðila sjá um mælingar þínar og tryggðu þannig gæði þeirra jafnframt því að styrkja stöðu þína gagnvart viðskiptavinum þínum.**“*

Umbjóðandi minn hefur á þessu ári fengið faggildingu á hluta mælinga sinna og haft af því verulegan kostnað.

Ljóst má vera (að) samkeppnisstaða fyrirtækisins gagnvart þjónustusviði Rf getur engan veginn verið jöfn beri þjónustusviðið engar skuldbindingar eða kostnað vegna faggildingar þeirrar sem fram fór á árinu 1997 og undirbúnings hennar.

Í bréfi undirritaðs, dags. 5. febrúar 1999, var sérstaklega vakin athygli á því að kanna þyrfti hvernig kostnaður af faggildingu hefði verið færður í stofnefnahagsreikningi.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja verður ekki séð að neinar upplýsingar liggi fyrir um það.

B. Athugasemdir vegna gjaldskrár sbr. 5. tl. ákvörðunarorða.

Samkvæmt bréfi Rf. dags. 13. október 1999 hefur þjónustusvið stofnunarinnar verið rekið sem sjálfstæð rekstrareining frá miðju ári 1996.

Í ársskýrslu Rf., fyrir árið 1997, kemur fram að stofnunin var rekin í heild með rúmlega fjórtán milljóna tapi. Ekki kemur fram í skýrslunni hvernig það tap skiptist milli rekstrareininga og því liggur ekki fyrir hvort og þá hversu stóran hluta rekstur þjónustusviðsins á af því tapi.

Svo sem rakið hefur verið skyldi gjaldskrá þjónustusviðs Rf. standa undir rekstrarkostnaði þess auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða frá 1. janúar 1998.

Þrátt fyrir taprekstur á árinu 1997 og framangreint skilyrði sem samkeppnisráð setti stofnuninni varðandi gjaldskrá urðu engar breytingar á gjaldskránni í upphafi árs 1998 eða síðar á því ári.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð tap á rekstri þjónustusviðsins á árinu 1998 að fjárhæð kr. 5.069.986,00

Í bréfi Rf. dags. 13. október 1999 kemur fram að brugðist hafi verið við þessu með hækkun gjaldskrár í mælingaþjónustu að meðaltali um 13,0 % um síðustu áramót.

Umbjóðandi minn hefur greint niður gjaldskrárhækkunina eftir mælingum. Af þeirri greiningu má ráða að hækkun hafi orðið langmest í þeim mælingum sem lítil eða engin samkeppni er í.

Mælingar þær sem mest samkeppni er í hafi hins vegar ekki hækkað nema á bilinu 5–10 %.

Ekki verður séð að leitað hafi verið neinna gagna eða upplýsinga um hvort sú hækkun sem um ræðir nægi til þess að uppfyllt séu skilyrði samkeppnisráðs um að gjaldskrá standi undir rekstrarkostnaði auk hæfilegrar álagningar.

Að mati umbjóðanda míns ætti að vera fullt tilefni til þess af hálfu samkeppnisyfirvalda að leita eftir milliuppgjöri fyrir þjónustusvið Rf. t.d. vegna fyrstu sex eða níu mánaða ársins 1999 til þess að ganga úr skugga um að uppfyllt væru þau skilyrði sem stofnuninni voru sett af hálfu samkeppnisráðs.

Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að á árinu 1998 og þessu ári hefur átt sér stað veruleg endurnýjun og uppbygging á húsnæði og tækjabúnaði útibúa Rf., úti á landi auk þess sem þau hafa fengið faggildingumælinga á þessu ári s.s. bent var í bréfi undirritaðs, dags. 11. ágúst sl.

Varðandi þessi atriði verður að hafa í huga aðstæður á þeim samkeppnismarkaði sem um ræðir.

Þeir aðilar sem fyrst og fremst selja þjónustumælingar í samkeppni eru ríkisstofnanir þ.e. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Hollustuvernd ríkisins auk Rannsóknþjónustunnar Sýnis ehf. sem er í eigu einkaaðila.

Af þessum aðilum er þjónustusvið Rf. langstærst og má ætla að markaðshlutdeild þess sé 60–70 %.

Taprekstur þjónustusviðs Rf. þýðir í raun að stofnunin er að niðurgreiða rekstur sviðsins.

Til þess að umbjóðandi minn geti keppt á markaðnum þarf hann að halda gjaldskrá sinni í því horfi að hann sé samkeppnisfær gagnvart Rf., sem kemur í veg fyrir eðlilega endurnýjun tækjabúnaðar og framþróun auk þess sem eigendur fá ekki eðlilegan arð af hlutum sínum í félaginu.

Með þessu telur umbjóðandi minn að hætta sé á því að Rf. sem markaðsráðandi fyrirtæki geti rutt umbjóðanda mínum af markaðnum í krafti stærðar sinnar og stöðu ef ekki er við brugðist.

Verði það niðurstaðan væru stofnanir ríkisins einar á þessum markaði sem varla er í samræmi við það meginmarkmið samkeppnislaga að efla virka samkeppni í viðskiptum.

Af þessum sökum er mjög mikilvægt í því tilliti að tryggja eðlilega samkeppni á þessum markaði í framtíðinni að samkeppnisyfirkomulög bregðist við og gangi úr skugga um að gjaldskrá þjónustusviðs Rf. sé í samræmi við 5. t.l. ákvörðunarorða ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 13/1997. Sé hún það ekki hljóta samkeppnisyfirkomulög að þurfa að bregðast við með einhverjum hætti.

Miðað við þau gögn og skýringar sem umbjóðandi minn hefur fengið aðgang að fær hann ekki séð hvernig Samkeppnisstofnun getur komist að þeirri niðurstöðu án frekari athugunar að fjárhagslegur aðskilnaður þjónustusviðs Rf. sé í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/1997.“

3.

Með bréfum, dags. 1. desember sl., var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og sendur var listi yfir gögn málsins. Rf. var sent, til upplýsinga, afrit af athugasemdum Rannsóknþjónustunnar Sýnis.

II. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs sem haldinn var þann 21. febrúar 2000, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Rannsóknþjónustan Sýni hefur óskað eftir því að Samkeppnisstofnun kanni hvernig fjárhagslegur aðskilnaður þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá öðrum sviðum stofnunarinnar hafi verið framkvæmdur. Fyrirtækið, sem hefur starfað frá apríl 1993 við prófanir í matvæla- og fóðuriðnaði og mun vera eina fyrirtækið í einkaeign sem er í slíkum rekstri, kvartaði til Samkeppnisstofnunar í júlí 1997 yfir samkeppnisstöðu sinni m.a. gagnvart Rf. Samkeppnisráð tók ákvörðun nr. 13/1997 í málinu. Ákvörðunarorð er svohljóðandi:

„Með vísan til 2. mgr. 14. gr. laga nr. 8/1993 mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og annarra sviða stofnunarinnar með eftirfarandi hætti, frá 1. janúar 1998:

- 1. Stofnuð verði sérstök eining um rekstur þjónustusviðs. Reiknishald sviðsins skal vera sjálfstætt. Reiknisskil skulu gerð í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga og skulu þau liggja fyrir opinberlega með sambærilegum hætti og almennt gerist.*
- 2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning. Skulu þær eignir sem teljast til þjónustusviðs metnar á markaðsverði ef þess er kostur en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.*
- 3. Með skuldum þjónustusviðs skulu teljast skuldbindingar sem tengjast starfsemi sviðsins.*
- 4. Öll viðskipti milli þjónustusviðs og annarra sviða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.*

5. *Gjaldskrá skal standa undir rekstrarkostnaði þjónustusviðs auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða.*“

2.

Samkeppnisstofnun óskaði eftir því að Rf. legði fram mat löggilts endurskoðanda á framkvæmd hins fjárhagslega aðskilnaðar. Reikningar þjónustusviðs Rf. bárust stofnuninni ásamt svari frá ríkisendurskoðanda. Þar segir: „*Til svars erindinu skal tekið fram að það er álit Ríkisendurskoðunar að þau skilyrði, sem mælt var fyrir um í ákvörðunarorðum tilvitnaðrar ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 13/1997, hafi verið uppfyllt. Þjónustusvið Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hefur því að mati Ríkisendurskoðunar samkvæmt framansögðu verið aðskilið fjárhagslega frá öðrum sviðum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.*“

3.

Kvartandi er ekki sáttur við þessa niðurstöðu og gerir ýmsar athugasemdir við reikninga Rf. M.a. telur hann að rúmar 11 m. kr. sé óeðlilega lág upphæð sem stofnkostnaður fyrir fimm rannsóknastofur í þjónustumælingum, en þjónustusvið Rf. hefur fjögur útibú úti á landi. Engar skýringar hafi verið með stofnefnahagsreikningnum og því erfitt að taka afstöðu til þess sem þar komi fram. Kvartandi segir að í ársskýrslum Rf. fyrir árin 1995–1997 hafi framlög til eigna- og tækjabúnaðar verið samtals rúmlega 86 m. kr.

Samkeppnisráð getur tekið undir það sjónarmið kvartanda að rúmar 11 m. kr. kynni að vera lág upphæð sem stofnkostnaður fyrir þær rannsóknastofur sem um ræðir og skýringar fylgdu ekki með um stofnefnahaginn. Í 2. t.l. ákvörðunarorðs samkeppnisráðs segir fyrir um mat á þeim eignum sem skulu teljast til þjónustusviðs á stofnefnahagsreikningi. Átt er við eignir, sem lagðar yrðu til samkeppnisrekstrarins, sem er alls ekki það sama og allur stofnkostnaður fyrir rannsóknastofurnar. Fyrir aðra aðstöðu, sem reksturinn þarf á að halda er greitt fyrir í formi gjalda til samrekstrar.

Tölur um eignakaup Rf. eru ekki rétt metnar hjá kvartanda. Árið 1995 námu eignakaup kr. 34.460.000, árið 1996 kr. 12.378.000 og árið 1997 kr. 19.071.000, samtals kr. 65.909.000 en ekki rúmar 86 m. kr. eins og kemur fram í athugasemdum kvartanda. Af tölum kvartanda má ráða að lagðar hafi verið saman upphæðir vegna framlaga til tækjakaupa og gjöld vegna

eignakaupa. Samkvæmt upplýsingum Rf. var húsnæði og húsgögn endurnýjuð árið 1995 og skýrir það háan eignakaupakostnað það árið. Heildartekjur Rf. voru kr. 303.795.000 árið 1998, tekjur þjónustusviðs voru kr. 104.730.000, eða 34% af heildinni. Fastafjármunir á stofnefnahagsreikningi eru áhöld og tæki, sem samkvæmt upplýsingum Rf. eru borðtölvur og rannsóknartæki. Annað sem sviðið nýtir s.s. húsnæði, tölvumál, mötuneyti, markaðsmál o.fl. er gjaldfært í rekstrarreikningi þjónustusviðsins sem kostnaður vegna samrekstrar og voru gjöld sviðsins vegna þessa um 30 m. kr. árið 1998, eins og fram kemur í gögnum málsins.

Samkeppnisstofnun hefur kynnt sér ársreikninga Rannsóknþjónustunnar Sýnis. Samkvæmt ársreikningi 1998 eru „*áhöld og tæki*“ metin á kr. 3.344.938 og „*innréttingar, tölvur*“ á kr. 1.236.533, samtals kr. 4.581.491. Velta ársins var kr. 35.206.059. Sem hlutfall af veltu eru þessir eignaliðir 13% hjá Sýni, en hjá þjónustusviði Rf. er þetta hlutfall 11%. Þessar tölur gefa að mati samkeppnisráðs aðeins vísbendingu um hvað sé eðlilegt hlutfall, en hafa má í huga að hjá þjónustusviði Rf eru aðeins borðtölvur taldar til eignar, en hjá Sýni væntanlega allar tölvur rannsóknþjónustunnar.

Kvartandi telur að kostnaður vegna faggildingar ætti að vera hluti af stofnefnahagsreikningi. Hann vitnar í erindi forstjóra Rf. á morgunverðarfundum Sambands íslenskra prófunarstofa sem haldinn var þann 25. febrúar 1999, þar sem forstjórinn segir að vinna við faggildingu mælinga Rf. hafi hafist á árinu 1989. Í meðfylgjandi fundargerð kemur fram að kostnaður við faggildingu er: „*Úttekt, beinn kostnaður (lód o.fl.), kaup á nýjum búnaði (vog...) endurbætur á húsnæði (allt húsnæði endurnýjað), þjálfun starfsmanna, skrifa upp aðferðir (aðf. lýsing o.fl.), samanburðarmælingar.*“ Flestir þessir kostnaðarþættir falla, samkvæmt gögnum málsins, undir samrekstur og eru ekki færðir til eignar hjá þjónustusviði. Rf. greiddi, eins og áður segir um 30 m. kr. til samrekstrar árið 1998.

4.

Sýni telur að gjaldskrá Rf. sé ekki í samræmi við 5. tl. ákvörðunarorðs í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/1997. Tap stofnunarinnar í heild hafi verið um kr. 14.041.000 árið 1997, sem er 5,7% af veltu. Samt hafi gjaldskrá ekki verið hækkuð í ársbyrjun 1998. Tap þjónustusviðs Rf. var árið 1998 kr. 5.069.986 eftir fjármagnsgjöld og skatta, eða 4,7% af veltu. Árið 1998 var fyrsta bókhaldsárið sem gert var upp með fjárhagslegum aðskilnaði þjónustusviðsins frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Í umsögn Rf. segir að samkvæmt

reikningsuppgjörinu 1998 hafi verið nokkurt tap og hafi verið brugðist við því með 13% meðalhækkun gjaldskrár um áramót 1998/1999. Einnig sé stöðugt unnið að innri hagræðingu sem skili sér í bættem rekstri til lengri tíma. Gjaldskráin var síðan hækkuð um 5% sl. desember. Eins og atvikum er háttáð í máli þessu fer að mati samkeppnisráðs þessi tilhögun ekki gegn fyrrnefndri ákvörðun. Vænta má að það taki einhvern tíma fyrir rekstur þjónustusviðsins að laga sig að breyttum aðstæðum og að hagræðing í rekstri fari að skila sér í betri afkomu, þannig að gjaldskráin standi undir kostnaði auk hæfilegrar álagningar þegar til lengri tíma er litið.

Með vísan til þess sem að framan segir fær samkeppnisráð ekki annað séð en að fjárhagslegur aðskilnaður þjónustusviðs Rf. frá öðrum sviðum stofnunarinnar sé í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/1997.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur að framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar þjónustusviðs Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá öðrum sviðum stofnunarinnar sé í samræmi við ákvörðun ráðsins nr. 13/1997.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 7/2000](#)]

